

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar vegna byggingarmagns á verslunar- og þjónustusvæði að Gauksstöðum (VP6).

Skipulagsstofnun staðfesti 26. nóvember 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022-2034 sem samþykkt var í bæjarstjórn 2. október 2024.

Í breytingunni felst að hámarksstærð smáhýsa verður 47 m² í stað 30 m² áður og við það eykst hámarksbyggingarmagn á reit VP6 úr 800 m² í allt að 1.050 m².

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. nóvember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024